



Nýtum orkuna betur!

Hagnýtar upplýsingar til eigenda
sumarhúsa til þess að nýta heita
vatnið sem best.

Okkur hjá Orkuveitu Reykjavíkur er umhugað um að viðskipta-
vinir okkar nýti vörur okkar sem best. Heita vatnið er ein af
þeim auðlindum.

Hvað fæ ég í raun og veru mikið magn af heitu vatni í bústaðinn?

Grunnmagn heits vatns í bústaðinn er þrjú mínútulítrar (l/mín). Til að notandi fái að lágmarki þrjú mínútulítra gætir Orkuveitan þess við stillingu hemils að rennslið sé umfram keypt magn. Þrjú mínútulítrar jafngilda 4.320 lítrum á sólarhring. Gerum ráð fyrir að 60 m² hús sé 200 m³ og noti þ.a.l. á milli 1 til 1,5 mínútulítra af vatni til upphitunar á sólarhring. Það þýðir að eftir eru á bilinu 2.160 til 2.880 ónýttir lítrar af vatni til annarrar notkunar á sólarhring. Þetta magn jafngildir vatni í um 17-22 meðal baðkör (130 lítra).

Ef grunnmagn heits vatns dugar ekki í bústaðinn þá er hægt að kaupa mínútulítra til viðbótar á einfaldan hátt með skriflegri umsókn til þjónustuvers Orkuveitunnar á netfangið: thjonusta@or.is. Ósk um minnkun á viðbótar vatnsmagni er aðeins framkvæmd mánuðina apríl og maí ár hvert.

Affallsvatn

Eftir að búið er að nýta heita vatnið til upphitunar á hitakerfi bústaðarins rennur það yfirleitt út um affallið u.þ.b. 30°C heitt. Þetta er töluvert magn af heitu vatni sem nýta mætti betur.

Algengast er að nýta þetta affall í heitan pott, ef hann er til staðar. Í því tilviki rennur, við eðlilegar aðstæður, u.þ.b. 30°C heitt vatn í pottinn og þarf því ekki mikið magn til viðbótar af neysluvatni til að skerpa á hitanum, þannig að hann náist upp í 38-40°C. Með þessari viðbótarnýtingu verður meira er til skiptanna fyrir daglega kranavatnsnotkun eins og t.d. í sturtuna eða í eldhúsvaskinn. Við viljum þó vekja athygli á því að skoða þessa lausn með fagaðila með það í huga að ganga vel frá lögnum og verja þær gegn frostskekkjum.

Slaufuloki

Hlutverk slaufulokans er að viðhalda mótstöðu á heita vatninu þannig að þú eigir að geta nýtt allt það vatn sem þú ert að kaupa. Ef slaufuloki er ekki til staðar rennur vatnið léttustu leið í gegnum forhitara og út. Slaufuloki er settur á frárennislögn heita vatnsins í bústaðnum. Pípulagningameistarar sjá um uppsetningu slaufuloka.

Hvernig get ég mælt það magn sem ég er að kaupa af heitu vatni í húsið?

Ef rétt stilltur slaufuloki er á kerfinu og kranavatnið er notað beint eins og algengast er (þ.e. ef ekki er forhitari) þá er hægt að mæla rennslið eins og það er í raun með einföldum hætti. Þannig má láta renna t.d. úr eldhúskrananum í ílát í eina mínútu og mæla hvort það magn passar við það magn sem keypt er fyrir húsið.

Gæta þarf að því að sía í viðkomandi krana sé hrein þegar þetta er gert og hvergi renni annars staðar vatn á meðan mæling fer fram eins og t.d. inná ofnakerfi eða í heita pottinn.

Ef þú telur þig ekki vera að fá það magn sem þú ert að greiða fyrir þá getur þú haft samband við pípulagningameistara til að skoða hver orsökinni geti verið.

Orkan mín

Öllum viðskiptavinum Orkuveitu Reykjavíkur býðst að skrá sig á viðskiptamannasíðu okkar sem nefnist Orkan mín – www.orkanmin.is. Þar getur þú skoðað notkun þína og borið saman við sambærileg heimili á Íslandi. Einnig er þar að finna ýmis hollráð varðandi bættu orkunýtingu og eins er hægt að nálgast eyðublöð vegna samskipta við Orkuveituna. Við hvetjum þig til að skrá þig og fylgjast með á síðunni.

Nánari upplýsingar veitir Þjónustuver Orkuveitunnar í síma 516-6000